

# Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 23. janúar 2020

Mál nr. S-33/2018:

**Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra**

*(Elimar Hauksson saksóknarfulltrúi)*

**gegn**

**X**

*(Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson lögmaður)*

## Dómur

### I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. desember sl., var höfðað af lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra 6. apríl 2018 á hendur X, fæddum [...], til heimilis að [...], fyrir líkamsárás „með því að hafa aðfarnótt sunnudagsins 30. júlí 2017, í Félagsheimilinu Hvammstanga við Klapparstíg 4 á Hvammstanga, veist að Y, kt. [...], og slegið hann í andlitið með þeim afleiðingum að Y hlaut heilahristing, stírðleika og eymsli í hálsi og herðum, bólgu undir vinstra auga yfir kinnbeini og gagnauga og sjóntruflanir á vinstra auga.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa

Í málinu gerir Sveinbjörn Claessen hdl. kröfu f.h. brotþola um að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola skaðabætur að fjárhæð 1.217.004 krónum (svo) auk vaxta af 104.720 krónum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og af 1.112.284 krónum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. júlí 2017 til 9. september 2017 en mað (svo) dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga af 1.217.004 krónum frá þeim degi til greiðsludags.“

Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Þá krefst hann þess að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð verulega. Jafnframt andmælir ákærði hækkun bótakröfu frá því sem í

ákæru greinir. Loks krefst hann þess að allur sakarkostnaður þar með talin hæfilega þóknun verjanda greiðist úr ríkissjóði.

Við aðalmeðferð málsins krafðist brotaþoli þess að ákærði yrði dæmdur til að greiða honum 3.609.599 krónur auk vaxta af 2.216.535 krónum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og af 1.393.064 krónum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. júlí 2017 til 4. maí 2018 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga af 1.217.004 frá 9. september 2017 til 4. maí 2018 en af 3.609.599 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

## II

Mál þetta var upphaflega þingfest 8. maí 2018 og dómur héraðsdóms uppkveðinn 30. október sama ár. Með úrskurði Landsréttar 11. október sl. var dómur héraðsdóms og meðferð málsins fyrir héraðsdómi ómerkt frá og með þingfestingu. Ástæða ómerkingarinnar var skyldleiki saksóknarfulltrúa og vitnis í málinu. Að úrskurði Landsréttar gengnum var málið þingfest á ný og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð. Með bréfi dagsettu 21. nóvember sl. fól ríkissaksóknari Lögreglustjóranum á Suðurlandi að flytja málið

## III

### *Atvik máls*

Hinn 29. júlí 2017 var haldinn dansleikur í félagsheimilinu á Hvammstanga. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að klukkan 03:04 hafi verið óskað eftir aðstoð lögreglu í félagsheimilið vegna líkamsárásar. Lögreglumenn, sem staddir voru í nágrenninu, héldu á staðinn og hittu brotaþola í eldhúsi þar sem hann var að kæla á sér vangann. Brotaþoli hafi verið undir áhrifum áfengis, viðræðugóður og ekki áberandi ölvaður. Brotaþoli hafi greint frá því að hann hafi verið staddur á dansgólfinu og átt stutt orðaskipti við stúlku sem þar var. Hann hafi síðan verið sleginn í tvígang í andlitið. Eftir högginn hafi hann áttað sig á því að hann þekkti stúlkuna frá fyrri tíð og það hafi verið kærasti hennar sem sló hann. Í skýrslunni er greint frá því að brotaþoli hafi kvartað undan höfuðverk og ógleði og því hafi verið ákveðið að fara með hann á heilsugæslu til skoðunar þar sem hann var skilinn eftir en vinir hans hafi ætlað að sækja hann að skoðun lokinni. Loks er frá því greint í skýrslunni að vitnið B hafi gefið sig fram við lögreglu í eldhúsinu og staðfest að brotaþoli hafi verið kýldur á dansgólfinu og að ákærði hafi verið þar að verki.

Brotapoli mætti á lögreglustöðina í Hafnarfirði 1. ágúst 2017 og lagði þar fram kæru á hendur ákærða og þann dag var einnig tekin af honum skýrsla og í henni lýsir hann atburðarrásinni auk þess sem hann lýsir þeim áverkum sem hann varð fyrir.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 1. október 2017 þar sem hann neitar því að hafa slegið brotþola í andlitið en hann hafi hins vegar ýtt við honum. Sama dag tók lögregla skýrslu af vitnunum A og B. Hinn 6. febrúar 2018 ræðir lögregla við dyravörð sem var á umræddum dansleik en hann var ekki við störf þetta kvöld og haft er eftir dyraverðinum að hann hafi séð brotþola í nokkru uppnámi og brotþoli hafi greint honum frá því að hann hefði verið sleginn. Öðru hafi hann ekki orðið vitni að.

#### IV

##### *Framburður fyrir dómi*

Ákærði kvaðst hafa verið að leita að konu sinni og séð hana á dansgólfinu. Hann hafi gengið til hennar og á þeim tíma hafi brotþoli verið þar hjá. Hann hafi innt konu sína eftir því hvort þau ættu ekki að fara heim. Hún hafi gengið frá og um leið hafi hann ýtt brotþola frá sér en með hvaða hætti hann gerði það mundi hann ekki en taldi að hendur hans hafi lent á bringu brotþola og taldi að hann hafi ekki snert brotþola á öðrum stað. Að sögn ákærða gerðist ekkert sérstakt á þessum dansleik en hann hafi neytt áfengis þó þannig að hann hafi ekki verið mjög ölvaður. Honum hafi þó ekki liðið sérstaklega vel og á þeim tíma sem hann hitti brotþola hafi hann viljað fara heim. Hann kvaðst ekki hafa átt í útistöðum við nokkurn mann þetta kvöld.

Ákærði kvað samskipti hans og brotþola hafa átt sér stað á dansgólfinu og það hafi verið „pakkað“ af fólki og því óhægt um vik að ganga þar um og hann örugglega þurft að nota hendurnar til að komast leiðar sinnar. Hann hafi fljótlega eftir samskipti sín við brotþola farið heim og þá hafi sambýliskona hans verið komin heim. Ákærði kvaðst ekki þekkja brotþola en hann hafi á þessum tíma vitað hver hann var.

Ákærði neitaði alfarið að hafa slegið brotþola í andlitið. Ákærði var spurður út í skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu og taldi hann að þar hafi hann greint rétt frá. Í skýrslunni er haft eftir ákærða að hann hafi verið mjög drukkinn en nú mundi hann ekki hvort hann sagði þetta en rengdi það ekki. Hins vegar kvaðst hann ekki vita hver skalinn er á því að vera drukkinn eða mjög drukkinn en vissulega hafi hann verið drukkinn þetta kvöld. Þá var haft eftir ákærða að kastast hefði í kekki milli hans og sambýliskonu hans en hann mundi ekki til þess og alls ekki að það hafi verið alvarlegur ágreiningur milli þeirra. Ákærði var spurður um framburð vitnisins B hjá

lögreglu þar sem haft er eftir honum að brotþoli og sambýliskona ákærða hafi verið að „hálf dansa“ en aðallega að tala saman. Ákærði kvað þetta hafa verið þannig að þau hafi ekki verið að dansa heldur rétt heilsast. Ákærði kannaðist ekki við að hafa hvesst augun á brotþola.

Brotþoli kvaðst hafa farið í samkvæmi þetta kvöld og í framhaldi af því á dansleik í félagsheimilinu. Hann kvaðst hafa drukkið um fjóra litla bjóra frá því um kl. 17 þennan dag og því lítið undir áhrifum áfengis þetta kvöld. Þegar langt var liðið á kvöldið og hann taldi að dansleiknum færi að ljúka hafi stúlka gengið til hans og heilsað honum. Hann hafi ekki strax áttað sig á því hver hún var en hann hafi spjallað aðeins við hana og þá gert sér grein fyrir því að stúlkan var A sem hann hafði verið í einhverju sambandi við nokkrum árum áður. Síðan gerist það í einni samfelldri atburðarrás að ákærði kemur og rífur í hendina á A sem þá rauk á brott. Hann hafi ekki velt þessu mikið fyrir sér og ekki áttað sig á því að ákærði var unnusti A. Síðan hafi hann fengið þungt hnefahögg sem lenti vinstra megin á aldliti hans og á þessum tímamarki hafi hann útundan sér séð ákærða, þ.e. ákærði hafi ekki staðið beint fyrir framan hann þegar höggið kom. Hann hafi ekki fallið við höggið en allt orðið svart. Síðan fái hann annað hnefahögg á sama stað en hann hafi verið alveg óviðbúinn þessum höggum. Að sögn brotþola var ákærði trylltur á svipinn en þetta sé mynd sem hann sjái fyrir sér á hverjum degi. Brotþoli bar að honum hafi þótt sem ákærði ætlaði að slá hann þriðja sinni en þá hafi einhverjir gengið á milli. Á sama tíma hafi vitnið B komið að og sagt honum að hann hafi séð hvað væri að fara að gerast og hann hafi ætlað að stoppa ákærða en hann hafi á leiðinni hrasað um stúlku og því ekki getað komið í veg fyrir árásina. B hafi staðfest við hann hver árásarmaðurinn var. Hann hafi séð ákærða horfa á hann og leggja til atögu. Vitnið kvaðst hafa skilið B þannig að hann hafi séð hvað gerðist. Að sögn brotþola gerðist allt þetta á skömmum tíma en hann hafi ekki vitað hvað varð um ákærða en hann og B hafi farið inn í eldhús og á leiðinni þangað hafi hann rætt við tvo aðila, G og dyravörð sem ekki var á vakt en hann hafi sagt þeim báðum hvað gerðist og hver réðist á hann. Inn í eldhúsinu hafi starfsfólk hlúð að honum en hann hafi sjálfur hringt í lögregluna. Brotþoli bar að hann hafi strax fundið að eitthvað alvarlegt hafði gerst. Í framhaldinu hafi lögreglan farið með hann á spítala þar sem hann hitti lækni. Daginn eftir hafi hann fundið að eitthvað mikið var að honum og þá hafi hann farið aftur til læknis og síðan suður til Reykjavíkur á slysadeild.

Brotapoli kvaðst á þessum tíma hafa vitað hver ákærði var án þess að hann þekkti hann. Hann var hins vegar fullviss um að það var ákærði sem sló hann auk þess sem það hafi ekki verið nokkur annar þarna sem gat hafa gert þetta. Brotapoli lýsti afleiðingum árásarinnar í stórum dráttum þannig að fyrstu mánuðina hafi hann verið alveg frá og varla getað gengið 10 metra án þess að allt færi að hringsnúast í höfðinu á honum. Hann hafi verið alveg frá vinnu í tvo mánuði á eftir og í dag hafi hann hálfu orku. Við allt álag fái hann svima, sjónin fjari út á vinstra auga, hann þoli illa hávaða og ljós. Einkennin hafi þó dvínað lítillega. Hann eigi erfitt með að setta sig við orðinn hlut og verið í meðferð hjá sálfræðingi vegna þessa.

Að sögn brotþola var birtan á dansleiknum í félagsheimilinu eins og gengur og gerist og vel hægt að greina fólk. Það hafi verið þokkalegur fjöldi þarna en ekki þannig að menn hafi ekki getað komist leiðar sinnar. Hann kvaðst ekki geta staðsett nákvæmlega hvar atvikið átti sér stað en það hafi verið á dansgólfinu.

Vitnið A, sambyliskona ákærða, bar að hún hafi gengið inn á dansgólfi og heilsað brotþola. Ákærði hafi komið þar að og hún um leið farið á brott og ekki orðið vör við nein samskipti milli ákærða og brotþola. Vitnið kvað ekki neina sérstaka ástæðu fyrir því að hún fór þegar ákærði kom. Að sögn vitnisins átti hún áður í „smá“ sambandi við brotþola. Vitnið bar að það hafi verið margir á dansgólfinu en birtan þar hafi verið eins og á venjulegu balli, ekki myrkur. Vitnið staðfesti skýrslu sem hún gaf hjá lögreglu á sínum tíma.

Vitnið B kvaðst hafa hitt brotþola á dansgólfinu og þar hafi menn verið að dansa. Ákærði hafi verið þarna líka en það næsta sem hann tuki eftir er að brotþoli liggur í gólfinu eins og hann hafi fengið högg en hann hafi haldið um höfuðið og barmað sér. Vitnið lýsti því að áður en brotþoli féll í gólfið hafi átt sér stað einhverjar riskingar milli ákærða og brotþola en í minningunni núna sé þetta þannig að þeir hafi haldið hvor í annan og tuskast. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa séð nein högg. Eftir það hafi hann tekið brotþola og farið með hann inn í eldhús. Vitnið kvaðst, líkt og síðast þegar hann gaf skýrslu fyrir dómi, ekki hafa séð ákærða slá brotþola. Nánar lýsti vitnið því að brotþoli hafi staði rúmlega meter frá honum vinstra megin, brotþoli hafi staðið nánast við ákærða. Þá mundi hann eftir stúlku sem stóð á milli þeirra en hún féll í gólfið, vegna troðnings, og hann hjálpaði henni á fætur. Hann hafi þurft að bægja einhverju fólki frá til að komast að ákærða og brotþola. Vitnið kvaðst hins vegar hafa séð svipbrigði á ákærða líkt og hann langaði til að slá brotþola þó vera

kunni að svipbrigðin hafi stafað af einhverju öðru, svo sem vegna þess að ákærði hafi verið sorgmæddur eða drukkinn. Vitnið skýrði þetta með því að ákærði hafi starað á brotþola og virst pirraður eða reiður á svip. Vitnið mundi ekki til þess að hann hafi rætt við lögreglumenn á vettvangi. Vitnið kvaðst ekki hafa verið mjög drukkinn þetta kvöld en hann hafi neytt áfengis en hann hafi verið til taks sem einn þeirra sem sáu um bæjarhátíðina sem fór fram á Hvammstanga þennan dag. Að sögn vitnisins var mikið af fólki „troðið bara“ á dansleiknum enda hafi verið uppselt. Þegar hann sá til ákærða og brotþola, en hann þekki þá báða, hafi verið mjög þröngt á dansgólfinu. Vitnið bar að það hafi verið ljós á sviðinu en rökkur á dansgólfinu þetta hafi verið eins og hefðbundið er á dansleikjum sem þessum og hann því séð fólk sem var nærri honum. Að sögn vitnisins sagði brotþoli við hann inni í eldhúsinu „þú sást þetta, þú sást þetta“ en hann hafi ekki svarað því.

Vitnið var spurt um það sem haft er eftir honum í frumskýrslu að hann hafi gefið sig fram við lögreglu og nefnt að ákærði væri gerandinn. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt þetta fyrr enda muni hann ekki til þess að hafa rætt við lögregluna á vettvangi. Þá var ákærði spurður út í skýrslu sem hann gaf hjá lögreglunni og taldi hann, eftir að hafa lesið skýrsluna, að hann hefði engu við hana að bæta.

Vitnið D lögreglumaður kom á vettvang ásamt lögreglumanninum E eftir að atvik voru yfirstaðin. Þegar hún kom inn í eldhúsið í félagsheimilinu hafi strákur staðið þar og haldið um höfuð sér. Annar piltur hafi gefið sig fram og greint frá því að hann hefði séð það sem gerðist en hvort hún eða samstarfsmaður hennar ræddu við hann mundi vitnið ekki. Hún ásamt samstarfsmanni sínum hafi síðan farið með brotþola á heilsugæslu. Vitnið kvað brotþola hafa verið undir áhrifum áfengis en ekki ölvaðan og verið greinagóðan í samskiptum. Vitnið bar að það hafi verið mikið af fólki á dansleiknum. Að sögn vitnisins var ekki talin ástæða til að leita að geranda í málinu en það hafi legið fyrir hver hann var.

E lögreglumaður var kvaddur á vettvang í umrætt sinn en lögregla hafi fengið boð um að einhver læti hafi verið í félagsheimilinu. Í eldhúsi félagsheimilisins hafi hann séð brotþola sem þá hélt um andlit sitt og vildi hitta lækni. Vitnið bar að brotþoli hafi lýst því fyrir samstarfskonu hans að hann hefði tekið í peysu á stelpu eða eitthvað svoleiðis og í framhaldi af því hafi hann verið sleginn tvisvar sinnum. Vitnið kvaðst ekki hafa rætt við neinn inni í eldhúsinu en samstarfskona hans hafi gert það. Að sögn vitnisins var vitnið B, sem hann þekkir, í eldhúsinu á þessum tíma.

Vitnið E sálfræðingur staðfesti vottorð sem hún ritaði og er meðal gagna málsins. Þá greindi hún nánar frá því hverjar afleiðingar árásin hefur haft fyrir brotþola svo og hverjar batahorfur hans eru.

Vitnið F staðfesti vottorð sem hún ritaði og lýsti nánar einkennum hjá brotþola, sem koma helst fram í skertu úthaldi, einbeitingarskortu, höfuðverkjum og skertu vinnuþreki.

## V

### *Niðurstaða*

Ákærða er gefið að sök að hafa slegið brotþola í andlitið með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Af hálfu ákæruvalds er í málinu aðallega byggt á trúverðugum framburði brotþola sem að mati ákæruvaldsins fær stoð í framburði vitnisins B og læknisfræðilegum gögnum. Ákærði neitar sök og byggir kröfu um sýknu á því að ekkert hafi komið fram í málinu sem bendi til sektar hans. Þá heldur ákærði því fram að rannsókn lögreglu hafi ekki verið í samræmi við ákvæði 3. mgr. 18. gr. laga um meðferð sakamála en ekki verði annað ráðið en rannsóknin hafi aðallega beinst að því að afla gagna um afleiðingar árásar þeirrar sem brotþoli varð fyrir.

Að framan er rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómnum og af honum verður ráðið að brotþoli er einn til frásagnar um það að ákærði hafi í tvígang slegið hann hnefahögg í andlitið en ekkert þeirra vitna sem leidd voru fyrir dómnum sáu ákærða slá brotþola.

Af framburði ákærða og vitna má ráða að dansgólfið var allt að því fullt af fólki á þeim tíma sem atvik máls áttu sér stað. Þrátt fyrir þennan mikla fjölda tókst ekki að finna fleiri vitni að því sem gerðist. Raunar verður af gögnum málsins ekki séð að lögregla hafi kannað hvort aðrir sem þarna voru staddir hafi séð hvað gerðist en það kann þó að vera að leit að vitnum hafi einfaldlega reynst árangurslaus.

Ákærði hefur eins og áður er fram komið staðfastlega neitað sök, bæði hér fyrir dómi og hjá lögreglu. Framburður hans hefur verið staðfastur og ekki í honum misræmi svo neinu nemi. Stendur þá eftir hvort framburður brotþola, sem að mati dómsins er trúverðugur, fái næga stoð í framburði vitnisins B og öðrum gögnum málsins til þess að fram sé komin lögfull sönnun um sekt ákærða. Líkt og áður er rakið lýsti vitnið B atvikum með þeim hætti að hann hafi verið á dansgólfinu en ákærði og brotþoli hafi verið rétt hjá honum. Það næsta sem hann tók eftir var að brotþoli liggur í gólfinu eins og hann hafi fengið högg. Áður en þetta gerðist hafi átt sér stað

einhverjar riskingar milli ákærða og brotþola en hann hafi ekki séð nein högg. Vitnið kvaðst hafa séð svipbrigði á ákærða líkt og hann langaði að slá brotþola þó vera kunnir að svipbrigðin hafi stafað af einhverju öðru.

Af hálfu ákæruvaldsins var vísað til þess að leggja yrði til grundvallar við úrlausn málsins framburð vitnisins B hjá lögreglu enda hafi hann staðfest þá skýrslu sína fyrir dóminum. Í skýrslunni sem tekin var í byrjun október 2017 lýsti vitnið því að hann hafi séð „þar sem X var búinn að „kýla“ Y þ.e.a.s. að hann var með hnefann á lofti og var að taka handlegginn til sín.“ Þá bar vitnið hjá lögreglu að hann hefði ekki séð sjálft höggið en brotþoli hafi hrokkið undan og haldið um andlit sitt og sagt að ákærði hefði slegið sig. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga um meðferð sakamála skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Skýrslur sem gefnar eru hjá lögreglu geta eðli máls samkvæmt haft sönnunargildi í sakamáli jafnvel þótt skýrslugjafar komi fyrir dóm og beri þar á annan veg en hjá lögreglu og er það hlutverk dómara að meta sönnunargildi þeirra líkt og annarra gagna. Í tilfelli því sem hér er til úrlausnar háttar svo til að lögregluskýrslan, sem ekki var hljóðrituð, er í raun afar takmörkuð en þar lýsir vitnið atburðum í stuttu máli og er ekki spurt nánar út í atvikin. Dregur þetta úr gildi skýrslunnar sem sönnunargagns. Vitnið B hefur hvorki hjá lögreglu né fyrir dómi, þar sem hann hefur í tvígang gefið skýrslu að viðlagðri vitnaábyrgð, lýst því að hann hafi séð ákærða slá brotþola.

Þegar horft er til þess að margt fólk var á dansgólfinu í umrætt sinn, þess að lýsing var ekki mikil og þess að vitnið B sá engin högg er það niðurstaða dómsins að framburður vitnisins B og önnur gögn málsins renni ekki, gegn staðfastri neitun ákærða, nægum stöðum undir trúverðugan framburð brotþola þannig að sekt ákærða sé hafin yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Er ákærði því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber samkvæmt 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 að vísa einkaréttarkröfu brotþola frá dómi.

Með vísan til 2. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála skal greiða allan sakarkostnað úr ríkissjóði þar með talin þóknun Ásgeirs Arnar Blöndal lögmanns sem ákveðin er að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir. Þá ber og að greiða úr ríkissjóði 39.229 krónu vegna ferðakostnaðar verjanda. Við ákvörðun þóknunar lögmanns hefur verið tekið tillit til tímaskýrslu lögmannsins.

Af hálfu ákærvaldsins flutti mál þetta Elimar Hauksson saksóknarfulltrúi lögreglustjórans á Suðurlandi.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættum ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

**Dómsorð:**

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákærvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun verjanda ákærða, Ásgeirs Arnar Blöndal lögmanns, 442.680 krónur, og ferðakostnaður lögmannsins, 39.229 krónur.

Einkaréttarkröfu, Y, er vísað frá dómi.

Halldór Halldórsson